

Sp. 790. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 500000 króna innlent lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til aukningar raforkuveitu hreppsins.

Greinargerð.

Raforkuveita Reyðarfjarðarhrepps er nú orðin alveg ófullnægjandi. Verður ekki hjá því komið að ráðast í stækkun hennar svo fljótt sem frekast er unnt. Hreppurinn hefur undanfarið lagt kapp á að borga stofnkostnaðarskuldir rafveitunnar og hefur því ekki yfir handbæru fé að ráða til þess að leggja í framkvæmd þessa. Hins vegar mundi raforkuveitan öll standa til tryggingar því láni, sem gert er ráð fyrir, að ríkið ábyrgðist samkvæmt þingsályktun þessari.

Nánar í framsögu.